



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2011

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.
139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 233 – 211. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga sem hefur þann tilgang að kanna og setja fram leiðir að úrbótum til að bæta réttarstöðu kvenna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem búa við ofbeldi af hálfu maka sinna.

Mannréttindaskrifstofan styður tillögu þessa heils hugar og bendir á að þegar skoðuð er réttarstaða erlendra kvenna frá löndum utan EES, einkum þeirra sem ekki hafa sjálfstætt dvalarleyfi eða búsetuleyfi hér á landi, ber að líta til ákvæða stjórnarskrárinnar, kvennasamnings SP og annarra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að og hafa tengingu við málefnið.

Í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er að finna ákvæði sem vernda einstaklinga, jafnt konur sem karla fyrir hvers kyns ofbeldi, andlegu, líkamlegu, fjárhagslegu o.s.frv. Þessi ákvæði eru m.a. í 67. og 68. gr. þar sem annars vegar er lagt bann við frelsissviptingu og hins vegar við pyndingum og nauðungarvinnu. Með samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (kvennasamningur SP) takast aðildarríkin á hendur að vernda konur gegn allri mismunun, jafn fjölbreytilegar birtingarmyndir og mismunun hefur. Aðildarríkin eiga m.a. að sjá til þess að mannréttindi kvenna og grundvallarfrelsi verði viðurkennd og framfylgt svo þær fái notið þeirra. Í 16. gr. samningsins segir að ríki eigi að tryggja konum og körlum sömu stöðu varðandi hjúskap, stofnun hans og slit og annað er því tengist.

Af framangreindum ákvæðum stjórnskipunarlaganna og þeim skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir með aðild að alþjóðasamningum á sviði mannréttinda, má leiða að þeim beri m.a. skylda til að búa svo um hnútana að ofbeldismenn, íslenskir jafnt sem erlendir, fái ekki nýtt sér yfirburðastöðu sína gagnvart konum sínum frá löndum utan EES, sem dvelja hér á landi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Eins og staðan er í dag fá þessir menn m.a. nýtt sér lagaumhverfi hér á landi, vanþekkingu kvennanna á íslensku samfélagi og réttindum sínum og ekki síst skort þeirra á tengslaneti. Því er nauðsynlegt að kanna stöðu kvennanna og finna viðeigandi úrræði til úrbóta.

Vakin er athygli á því að konur af erlendum uppruna voru 36% af öllum þeim konum sem leituðu til Kvennaathvarfsins á síðasta ári og 64% af þeim konum sem komu til dvalar í athvarfinu. Þeir aðilar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sem sinnt hafa ráðgjöf við innflytjendur þekkja allt of mörg dæmi um erlendar konur sem eru, eða hafa verið, beittar ofbeldi í nánum samböndum. Þessar konur eru einnig hagnýttar á hvers kyns máta og haldið einangruðum, m.a. til að tryggja að þær leiti sér ekki hjálpar eða komist að því að þeim hafi vísitandi verið veittar rangar upplýsingar til að tryggja enn frekar aðstöðumuninn milli ofbeldismannsins og þeirra. Í ljósi alþjóðaskilgreininga á mansali má einnig fullyrða að í ýmsum tilvikum séu konur þessar fórnarlömb mansals.

Í ljósi þess er að framan greinir hvetur Mannréttindaskrifstofa Íslands til að þingsályktun þessi nái fram að ganga og styður heilshugar þau ákvæði sem í henni felast.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri